

Ed.

615. Frumvarp til laga

[294. mál]

um breyting á lögum um skemmtanaskatt, nr. 58 12. maí 1970.

Flm.: Helgi F. Seljan.

1. gr.

Í stað „1500 íbúa“ í 1. gr. laganna komi: 2500 íbúa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta til laga um breyting á lögum um skemmtanaskatt felur aðeins í sér breytingu á einni tölu, þ. e. við hvaða íbúatölu eigi að miða innheimtu skemmtanaskatts. Hér er lagt til, að sú tala verði færð úr 1500 í 2500. Ástæðurnar fyrir því, að þessi breyting er lögð til, eru þær, að félagsheimili í minni sveitarfélögum eiga við verulega rekstrarörðugleika að stríða og þar veldur greiðsla skemmtanaskatts töluverðu um.

Félagsheimilin víðs vegar um land berjast í hökkum. Þó að tekjumöguleikar séu nýttir til fullnustu, virðist það ekki nægja. Á þinginu 1971—1972 flutti flm. þessa frv. þingsályktunartillögu um bætt rekstraraðstöðu félagsheimila, og var henni vísað til ríkisstjórnarinnar með íákvæðum tilmælum allsherjarnefndar.

Lítið mun hafa verið gert til úrbóta, og því er þetta frv. flutt.

Það snertir að vísu aðeins einn hátt vandans, en skemmtanaskatturinn er býsna þungrætt félagsheimilum minni sveitarfélöganna.

Íbúafjöldinn 1500—2500 er hreinlega ekki nægur til þess að tryggja húsunum öruggan rekstur, nema þau séu sérstaklega vel í sveit sett.

Á það ber og að líta, að þótt íbúafjöldinn sé t. d. 1600—1800, er raunverulegur fjöldi fólks í sveitarfélaginu oftlega neðan við 1500 meginhluta ársins, m. a. vegna fjarveru skólafólks.

Um það má að vísu deila, hversu hátt eigi að fara með íbúamörkin, en a. m. k. eru núverandi mörk algerlega óraunhæf.

Fyrir viðkomandi félagsheimili er um að ræða verulega úrbót, ef þau losna við greiðslu skemmtanaskattsins, en varðandi heildarupphæð innheimts skemmtanaskatts skiptir þessi breyting sárallitlu.

Ríkisvaldið væri með þessu aðeins að styrkja stöðu einstakra félagsheimila við það hlutverk sitt að sinna þeim rekstri, sem nauðsynlegur er hverju byggðarlagi.